Skipulagsstofnun

Ísafjarðarbær
Stjórnsýsluhúsinu
400 Ísafjörður

Reykjavík, 15. febrúar 2021

*Tilvísun: 202101145 / 5.2*

---

**Efni: Allt að 6.800 ársframleiðsla á laxi og regnbogasilungi í sjókvíum Háafells í Ísafjarðardjúpi - beiðni um umsögn**

---

Háafell ehf. hefur sent Skipulagsstofnun meðfylgjandi tilkynningu, móttekin 15. febrúar 2021, um ofangreinda framkvæmd skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 og 12. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum er hér með óskað eftir að Ísafjarðarbær gefi umsögn um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum.

Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort Ísafjarðarbær telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisaðgerðum og vöktun. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

Umsögnin óskast send Skipulagsstofnun fyrir 3. mars 2021 og einnig á tölvupóstfang: skipulag@skipulag.is og tinna.jonsdottir@skipulag.is.

Tinna Jónsdóttir

Tinna Jónsdóttir